

9.

"VÍSIR", 29. júlí 1944

Halldór Halldórsson

frá Vatnsleysu

andaðist 22. þ. m. á Elliheimilinu Grund, rúmlega áttræður að aldri. Hann var sonur merkishjónanna Halldórs á Vatnsleysu og Margrétar frá Bræðratungu, konu hans. Minnst eg nú þessa góðkunna heimilis, þótt langt sé um liðið, síðan eg var þar í tvö sumur, 1889 og 1890; þar var háttprýði, vinnugleði og góðvildin til alls og allra, sem öndvegið skipuðu undir stjórn hins gamla og góða héraðshöfðingja. Hafði hann þá misst konu sína og var veikur orðinn, en bjó með duglegri ráðskonu sinni. Halldór yngri var og mætur maður, er í engu mátti vamm sitt vita, vinnusamur mjög og ötull. Sambýlið milli heimilanna á Vatnsleysu, en þau voru tvö, svo og heimilisins að Felli, þar sem þau bjuggu merkishjónin. Gísli Matthíasson og Þórdís Ámunda-dóttir, var sönn fyrirmynd góðrar og gagnkvæmrar vin-

frá Vatnsleysu

dóttir frá

Vatnsleysu.

12. júlí 1944.

í þessari

31. júlí 1944.

J.P.

áttu. Þar var og öldungurinn, öðlingsmaðurinn Einar Guðmundsson, einn hinn gagnmerkasti og gáfaðasti maður, er eg hefi komið i kynni við. Það, sem sérstaklega var einkenniandi við öll þessi heimili, hús-ráðendur og hjú þeirra öll, var einlæg og fölskvalaus trúartrú og tryggð við alla gamla og góða siðu. Nú munu það vera systkinin frá Felli, Guðmundur smiður og Margrét, æskuvínur Halldórs sál., sem heiðra útför hans að Torfastöðum í dag og kosta hana að öllu leyti; var þess von af þeim. Eg talaði oft við Halldór sál. frá Vatnsleysu, og nú, fáum dögum áður en hann féll frá. Ávallt lét hann þess getið með vinsemd og virðingu, hversu vel færi um hann á Elliheimilinu Grund. Hann kvæntist ekki og átti enga afkomendur, en með honum er í valinn fallinn vandaður maður og velviljaður, þótt eigi bærast hann mikið á eða léti mikið yfir sér. Hann var dulur maður og farskiptinn, en fylgdist þó vel með öllu því er við bar.

Blessuð sé minning hans!

Reykjavík, 29. júlí 1944.

Jón Pálsson.